# Að hvaða marki er til mótuð stefna í öldrunarmálum?
# Hver mótar stefnuna?

Ráðstefna um réttindi aldraðra

Bryndís Þorvaldsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu heilbrigðisþjónustu velferðarráðuneytinu

26. apríl 2018

# Velferðarráðuneytið

» Hlutverk:
- Stuðla að bættu samfélagi, heilbrigði og velferð allra
- Móta stefnur með áherslur ráðherra að leiðarljósi. Fylgja ákvörðunum eftir og vera skilvirk í allri framkvæmd.



# Markmið sameiningar

- Heildstæðari stefna
- Nýting fjármuna á sem árangursríkastan hátt
- Mæta þörfum almennings og notenda velferðarþjónustu
- Veita sveigjanlegri samþætta þjónustu um land allt.
- Samþætting velferðarúrræða, t.d. heimahjúkrunar og heimaþjónustu
- Verja og tryggja grunnþjónustu
- Samþætt eftirlit
- Einfaldara samstarf við sveitastjórnarstigið
- Samþætting stofnana félags- og heilbrigðismála
  - Auka skilvirkni með stærri og hagkvæmari einingum

# Velferðarráðuneytið – tveir ráðherrar

» Heilbrigðisráðherra frá 30. nóvember2017 er
frú Svandís Svavarsdóttir



» Félags- og jafnréttismálaráðherra frá
30. nóvember 2017 er
hr. Ásmundur Einar Daðason



# Velferðarráðuneytið – skipurit



# Stefna og stefnumótun



Sandafell við Þingeyri, 2015, ljósm. Helgi Þórhallsson

Velferðarráðuneytið

# Aldraðir eru alls konar

- Margbreytilegur hópur
- 67 ára og eldri
- Árið 2017 eru þeir 12.1% af íbúafjölda
- Hlutfall aldraðra af íbúafjölda mun fara vaxandi á næstu árum

Tafla sýnir mannfjöldaspá, miðgildi skv. tölum frá Hagstofu Íslands

| | 2020 | | 2030 | | 2040 | | 2050 | | 2060 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall |
| Íbúafjöldi | 361.262 | 100% | 400.015 | 100% | 421.477 | 100% | 435.880 | 100% | 447.236 | 100% |
| 67-79 ára | 32.587 | 9% | 44.977 | 11% | 49.872 | 12% | 55.664 | 13% | 66.621 | 15% |
| 80 ára + | 12.679 | 4% | 18.090 | 5% | 27.251 | 6% | 33.589 | 8% | 38.495 | 9% |
| Aldraðir samtals | 45.266 | 13% | 63.067 | 16% | 77.123 | 18% | 89.253 | 20% | 105.116 | 24% |

# Stefna/áherslur

- Stefnan birtist og er grundvölluð í lögum. Lögin eru grundvöllurinn (t.d. Lög um málefni aldraðra nr. 125/1999, lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007).
- Reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli
  - Reglugerðir skerpa og útfæra stefnuna enn frekar
  - Verða að eiga sér lagastoð
- Stjórnarsáttmáli ríkjandi stjórnmálaflokka og stefnuyfirlýsing þeirra
- Ráðherra markar nánari stefnu í sínum málaflokki innan ramma laga


Gjáin. BÞ/2014

# Í lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 segir

- Að markmið laganna sé að aldraðir eigi völ á þeirri heilbrigðis- og félagslegu þjónustu sem þeir þurfa á að halda og að hún sé veitt á því þjónustustigi sem eðlilegast er miðað við ástand hins aldraða.

- Einnig segir þar að markmiðið sé að aldraðir geti, eins lengi og unnt er, búið við eðlilegt heimilislíf en tryggð stofnanaþjónusta þegar hennar er þörf.

- Leitast skal við að skipuleggja og samhæfa heilbrigðis- og félagslega þætti heimaþjónustunnar með velferð og þarfir hins aldraða einstaklings að leiðarljósi.

# Lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007

» Markmið :
  - Að landsmenn eigi kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði.

# Stefna í málefnum aldraðra til næstu ára (2008)

- Aldrað fólk fái stuðning og þjónustu til að geta dvalið sem lengst á eigin heimili
- Greiður aðgangur að upplýsingum um réttindi og þjónustu
- Almannatryggingakerfið einfaldað og réttindi aldraðs fólks betur skilgreind
- Virða rétt aldraðs fólks til sjálfstæðrar búsetu og sjálfsforræðis
- Fjölbreytt val búsetuforma í boði
- Dagdvalar- og hvíldarrýmum fjölgað
- Aukið og bætt eftirlit með þjónustu við aldrað fólk
- Gæðaviðmið um þjónustu við aldrað fólk verði sett
- Nýjar áherslur við uppbyggingu hjúkrunarheimila og endurbætur
- Greiðsluþátttöku íbúa í hjúkrunar- og dvalarrýmum verði breytt
- Hjúkrunarrýmum verði fjölgað til að mæta þörf og fjölbýlum útrýmt að mestu leyti.
- Hæft og metnaðarfullt starfsfólk
- Heildarábyrgð á þjónustu við aldrað fólk færð til sveitarfélaga eigi síðar en á árinu 2012.

# Ný stefna/stefnur í farvatninu

» Heilbrigðisstefna
  - Undirbúningur hafinn
  - Nýsköpunarvinnustofa um áskoranir í öldrunarþjónustu

» Stefna í málefnum aldraðra
  - Félags- og jafnréttismálaráðherra hefur falið félagsvísindadeild Háskóla Íslands að kortleggja þjónustu við aldraðra og að sú úttekt nái til allra sveitarfélaga/þjónustusvæða á landinu. Sérstaklega á að huga að þjónustu við fólk með heilabilun. er að vænta niðurstöðu frá þeim næstu daga. Í framhaldi er svo ætlunin að fara frekari stefnumótunarvinnu.
  - Tillögur liggja fyrir frá Samstarfsnefnd um málefni aldraðra til félags- og jafnréttismálaráðherra um mótun og framkvæmd stefnu í málefnum aldraðra

# Stefnumarkandi áherslur ... ?

- ✓ Forvarnir og endurhæfing til að efla heilbrigði
- ✓ Samfella og fjölbreytni í þjónustu
- ✓ Lágmörkun stofnanavistar
- ✓ Skipulagt mat á gæðum þjónustu
- ✓ Teymishugsun í þjónustu við aldrað fólk sem byggð er á heildstæðu mati
- ✓ Starfsumhverfi sem fagfólk sækist eftir að vinna við


Ageing should not be a problem but
sign of prosperity!